

Allsherjarnefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Stjórn Félags löggiltra dómtúlka og skjalapýðenda kom saman til fundar miðvikudaginn 15. nóvember 2000 kl. 17.30 til að fjalla um frumvarp til nýrra laga um dómtúlka og skjalapýðendur sem henni var send til umsagnar. Fyrir hönd stjórnarinnar þakkar undirritaður allsherjarnefnd fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar um frumvarpið.

Stjórnin hefur eftirfarandi athugasemdir fram að færa við frumvarpið eins og það liggur nú fyrir:

1. mgr. 2. gr. orðist svo:

„Rétt til að öðlast löggildingu sem löggiltur dómtúlkur og skjalapýðandi fær sá sem fullnægir eftirtöldum skilyrðum:“

Jafnvel þótt orðalag í líkingu við orðalag frumvarpsins sé víða að finna í íslenskum lögum þykir stjórninni skýrar að orði kveðið með breyttu orðalagi. Ekki mun ætlunin vera að synja manni, sem uppfyllir öll skilyrði, um löggildingu án frekari útlistunar.

2. málsl. 2. mgr. 4. gr. verði orðaður skýrar:

Heimilt er að veita löggildingu til að þýða af erlendu máli á íslensku án þess að veitt sé löggildingu til að þýða af íslensku á erlenda málið. Einnig er heimilt að veita löggildingu til að þýða af íslensku á erlent mál án þess að veitt sé löggildingu til að þýða af erlenda málinu á íslensku. Gera má ráð fyrir að frumvarpshöfundar hafi einmitt haft þetta í huga.

Varðandi 1. mgr. 5. gr.:

Stjórninni þykir sú hugmynd fráleit að með þessu ákvæði sé ætlunin að beita hæfisskilyrðum frumvarpsins gagnvart þeim sem þegar hafa öðlast starfsréttindi sem dómtúlkar og skjalapýðendur, og gerir því ráð fyrir að svo sé ekki. Að öðru leyti vill stjórnin taka fram eftirfarandi:

Hér er um starf að ræða sem ekki verður lagt að jöfnu við farþegaþotustjórn eða bifreiðaaakstur til mannflutninga. Ekki verður séð að neinn skaði geti af því hlotist í litlu samfélagi að menn haldi löggildingu þrátt fyrir til dæmis háan aldur eða heilsubrest. Í mörgum öðrum löggiltum starfsstéttum verða menn ekki að sæta réttindasviptingu við slíkar aðstæður. Lagt er til að greininni verði breytt, þannig að ráðherra geti afturkallað löggildingu en sé ekki skyldugur til þess, t.d.: „Nú fullnægir skjalapýðandi eða dómtúlkur ekki lengur skilyrðum a-liðar 1. mgr. 2. gr. til að fá löggildingu og er dómsmálaráðherra þá heimilt að fella löggildingu hans úr gildi. Þessa breytingu leggur stjórnin til með vísan til þess að ráðherra er væntanlega ofviða að fylgjast með heilbrigði réttindahafa eða hvernig Elli kerling fer með þá, og með

hliðsjón af því að ástæðulítið er að leggja þá kvöð á ráðherra sem fram kemur í frumvarpinu í núverandi mynd. Hins vegar þykir stjórninni eðlilegt að ráðherra geti fellt löggildingu úr gildi, sérstaklega ef um er að ræða brot í starfi, og einnig þegar dómtúlkur eða skjalapýðandi er vegna heilsubrests orðinn óhæfur til að sinna því starfi án þess að hann átti sig á því sjálfur. Almenn tillitssemi og löng venja í samskiptum ríkisvalds við þá sem vinna við löggiltar starfsgreinar mælir hins vegar gegn því að að á ráðherra sé lögð skylda af þessu tagi, án þess að áður séu komnar fram vísbendingar um að til réttindasviptingar þurfi að grípa.

Stjórninni þykir nauðsynlegt að tilgreint verði nánar í 2. málsli. 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins hvaða gögn umsækjanda beri að leggja fram til stuðnings því að hann fullnægi skilyrðum a-liðar 2. gr. T.d. er ekki ljóst hvar afla megi gagna til stuðnings því að maður sé „*svo á sig kominn andlega að hann sé fær um að annast túlkun og þýðingar*“.

Verði tillit tekið til ofangreindra athugasemda mælir stjórn Félags löggiltra dómtúlka og skjalapýðenda með samþykkt frumvarpsins en ella ekki.

Fyrir hönd stjórnar Félags löggiltra dómtúlka og skjalapýðenda,

Lars H. Andersen

